

Fundargerð

5. stjórnarfundar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
mánudaginn 17. nóvember 2014, kl. 1700
í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson, Gunnlaugur Júlíusson og Stefán Skafti Steinólfsson sem ritaði fundargerð.
Fríða Rún Þórðardóttir, Lovísa Hreinsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Björg Ágústsdóttir tilkynntu forföll.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Fundargerð 4. fundar samþykkt samhljóða.
2. Fjármál FRÍ: **Gjaldkeri leggur fram yfirlit yfir stöðu fjármála FRÍ, stöðu og áætlaðar tekjur og gjöld fyrir nóv-des 2014. Einnig drög að fjárhagsáætlun 2015 ásamt áætlun frá síðasta þingi. Almennar umræður um stöðu mála og leiðir til lækkunar skulda. Ljóst er að staðan er erfið. JE falið að greina þær kröfur er úti standa. Gefinn verði frestur til greiðslu mótsgjalda en að honum loknum verði kröfur settar í innheimtu.**
3. Verkefnastjórnun í aðdraganda RIG: **JE skýrir frá þeim atriðum er bera kostnað. Stjórn sammála um að JE stýri verkefnum fram að RIG.**
4. Mótstjórn á RIG: **Guðlaug Baldursdóttir verður mótstjóri.**
5. Mótstjórn á Smáþjóðaleikum: **Núverandi verkefnastjórn stýrir málum**
6. FRÍ ehf. **Klárt/skrifað undir tilkynningu um nýja stjórn.**
7. Starfsmannamál: **JE skýrir frá viðræðum við Þórey Eddu, hennar starfshlutfall skilgreint.**
8. Marapónmálið: **JE skýrir frá niðurstöðu dómstóls ÍSÍ. Stjórn FRÍ gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu dómstóls ÍSÍ. Gjaldkera falið að skrifa minnisblað f/h stjórnar.**
9. Breytingar á mótaskrá: **Stjórn samþykkir breytingar en leitað verður umsagnar vegna umsóknar Breiðabliks um breytta tilhögun á MÍ 15-22 ára.**
10. Uppskeruhátíð: **Skipa þarf hóp er sér um uppskeruhátíð. SSS og JE falið að skipa hópinn**

Umræða og nánari kynning (11-18)

11. Samningar FRÍ á markaðssviði: Farið var yfir þá samninga sem eru í gildi og munu vera til taks árið 2015. **Brýnt að byrja markaðsvinnu fyrir árið 2016. Rætt um leiðir í markaðsmálum.**
12. Þátttaka FRÍ í kostnaði vegna erlendra móta 2015: **Farið yfir áætlun um þátttöku í mótum erlendis á árinu 2015. Ljóst er að verulega þarf að fara yfir kostnað og þátttöku vegna móta erlendis. Taka þarf umræðuna með þjálfurum allra sambandsaðila.**
13. Þjálfaramála-samstarf/samráð: **EV skýrir frá fyrsta fundi (símafundi) þjálfara sem var haldinn í góðum anda. EV vinnur málið áfram.**
14. Stefnumótun FRÍ: **Tekið fyrir síðar.**
15. Fundir fulltrúa FRÍ í útlöndum fram að kosningu stjórna EEA 2015: **Stjórn sammála um að halda kostnaði í lágmarki varðandi ferði utanlands.**
16. Umsögn/úttekt/dómur EAA um framkvæmd og aðbúnað á RIG-2014: **Frestað**
17. Erasmus+ verkefnið: **Umræðu Frestað.**
18. Önnur mál: **Almennar umræður um markmið stjórnar.**

Stjórnarmenn sammála um að funda eftir 14 daga.

Formaður boðar til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:25.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.